

Landbúnaðarnefnd Blönduóssbæjar

FUNDUR – 27. júní 2005

Fundur haldinn í landbúnaðarnefnd 27. júní 2005 kl. 13,00 að Hvammi í Langadal.
Mæting samkvæmt undirskriftum.

Dagskrá.

1. Upprekstur hrossa.
2. Gjaldtaka.
3. Önnur mál.

Afgreiðsla:

1. Ákveðið var að leggja til við bæjarstjórn Blönduóss að upprekstur hrossa á Laxárdals- og Skrapatunguafrétt verði leyfður frá og með 1. júlí 2005.
2. Rætt var um gjaldtöku í afrétt. Ákveðið var að eigendur hrossa skyldu hafa samband við fjallskilastjóra eigi síðar en 31. júlí 2005 og tilkynna fjölda hrossa sem rekin hafa verið í afrétt. Annars verði lagt á samkvæmt forðagæsluskýrslu.
3. Önnur mál. Ekkert kom fram undir þessum lið.

Fleira ekki gert, fundargerð upplesin og samþykkt,
Fundi slitið kl. 14,10.

Jakobína Halldórsdóttir
Anna Margrét Jónsdóttir
Gauti Jónsson